

Alþingi - nefndasvið  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 14. desember 2023  
Erindi nr. 202311349/50.13

### Umsögn Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál.

Þann 16. nóvember 2023 sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis Mosfellsbæ til umsagnar framangreint frumvarp. Meðfylgjandi er umsögn Mosfellsbæjar um frumvarpið.

Mosfellsbær fagnar endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og að það sé uppfært til samræmis við þróun sveitarstjórnarstigsins. Drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs og drög að frumvarpi voru kynnt á Samráðsgátt í mars 2023. Í skýrslunni voru kynnt fjárhagsleg áhrif tillagna starfshópsins á framlög til einstakra sveitarfélaga. Áhrif breytinga á framlög voru misjöfn eftir sveitarfélögum en einkenndust af lækun framlaga til fjölmennari sveitarfélaga.

Frá því að skýrsla starfshópsins var kynnt hefur komið í ljós við uppreikning framlaga, miðað við útsvarstekjur 2022, að sveiflur í útsvarstekjum sveitarfélaga geta leitt til verulegra breytinga á framlögum á milli ára. Ef útsvarstekjur sveitarfélags breytast með öðrum hætti en landsmeðaltal þá leiðir það til breytinga á framlögum samkvæmt frumvarpinu tveimur árum síðar. Slíkar sveiflur leiða til ófyrirsjáanleika í rekstri sveitarfélaga. Samkvæmt frumvarpinu leiðir hækkun útsvarstekna á árinu 2022 til skerðingar á jöfnunarframlögum á árinu 2024. Lagt er til að leitað verði leiða til að draga úr slíkum sveiflum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vægi jöfnunarhlufalls sé 80%. Lagt er til að það sé lækkað til að draga úr mögulegum sveiflum í framlögum og til að auka hvata sveitarfélaga til að styrkja tekjustofna sína og stuðla þannig sjálf að aukinni sjálfbærni í rekstri.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir niðurfellingu fasteignaskattsframlags. Tekið er undir mótmæli sveitarfélaga um niðurfellingu fasteignaskattsframlags og lagt til að fallið verði frá niðurfellingunni. Með slíku mun nást meiri sátt um breytingar sem kynntar eru í frumvarpinu jafnframt því sem það dregur úr þörf sveitarfélaga á hækkun fasteignaskatta til að bregðast við lækun fasteignaskattsframlags.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að breytingar á framlögum verði innleiddar í áföngum á fjögurra ára tímabili. Vegna þeirra miklu breytinga sem verða á framlögum samkvæmt frumvarpinu og fjölda athugasemda um frumvarpið er lagt til að sveitarfélögum verði gefinn rýmri aðlögunartími og að breytingarnar verði innleiddar í áföngum á sjö ára tímabili.

Fyrir hönd Mosfellsbæjar

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri

